

frá þeim degi til 21. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 10. s.m., en með dómvöxtum (sbr. l. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Áfallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn 1. janúar 1983.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 157/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni og

Helga Magnússyni

Kærumál. Gagnaöflun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilarnir Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. f.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Af hálfu Björgólfs er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að afla þeirra upplýsinga sem um var beðið. Krafist er kærumálskostnaðar.“ Í greinargerð verjanda Ragnars kemur ekki fram skýr kröfugerð í þessu kærumáli en ætla verður að einnig af hans hálfu sé úrskurðurinn kærður í því skyni að hann verði felldur úr gildi.

Í greinargerð af hálfu ákærvalds, undirritaðri af Braga Steinarsyni vararíkissaksóknara og Jónatan Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, skipuðum sækjanda í málinu, er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Ástæður þær, sem færðar hafa verið fram af hálfu kærenda fyrir kröfum þeirra um að ríkissaksóknari víki sæti, gefa ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um það atriði. Samkvæmt því verða kröfur kærenda í máli þessu ekki teknar til greina, og er hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Varnaraðilar sýnast styðja kröfur sínar um öflun gagna þeim rökum að þeim sé þörf á gögnum þessum til styrktar kröfu sem þeir hafa gert í sakadómi Reykjavíkur um frávísun málsins, en krafa þessi bíður úrlausnar.

Ég tel að eigi verði leitað dómsúrlausnar um það að máli verði vísað frá dómi af þeim ástæðum að ríkissaksóknari mundi vera vanhæfur til þess að vera dómari í því. Með þessum rökum er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómara um það að kröfur varnaaðila verði ekki teknar til greina.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæru, dagsettri 9. apríl sl. höfðaði ríkissaksóknari mál hér fyrir dóminum gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni og Helga Magnússyni fyrir að hafa í störfum sínum fyrir Hafskip hf., ákærði Ragnar á árinu 1981, og allir ákærðu á árunum

1983-1985 gerst sekir um ýmis brot á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög og lögum um löggilta endurskoðendur.

Mál þetta var þingfest hér fyrir dóminum hinn 5. þ.m., en ákæran hafði verið birt hinum ákærðu á útgáfudegi ákærunnar. Við þingfestinguna voru lagðar fram yfirlýsingar af hálfu ákærðu um verjendur og voru verjendur skipaðir í þinghaldinu. Verjendur ákærðu gerðu allir kröfu um frávísun málsins með tilvísan til 22. gr. laga nr. 74/1974, en óskuðu eftir fresti til að skila greinargerðum um kröfur sínar. Jón Magnússon hdl., skipaður verjandi ákærða Ragnars Kjartanssonar, krafðist þess og, með tilvísan til þess að ekki hefðu fengist nægilegar upplýsingar um ýmis atriði, sem frávísunarkröfu hans varða, að ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, kæmi fyrir dóminn sem vitni og svaraði spurningum er lúta að þeim efnum.

Í þinghaldi í dag, 14. maí, lagði Jón Magnússon hdl. fram svofellda kröfugerð:

„Ég krefst þess að Ríkissaksóknari Hallvarður Einvarðsson verði kvaddur fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu og svara spurningum sem varða framkomna frávísunarkröfu í málinu m.a. um tengsl hans og aðila sem tengjast málinu og rannsókn þess hlýtur að hafa beinst að.

Þá krefst ég þess einnig að Albert Guðmundsson alþingismaður verði kvaddur fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu og svara spurningum varðandi m.a. þau atriði sem varða samskipti hans og ríkissaksóknara.

Þá er þess krafist að fjármálaráðherra verði gert að upplýsa um meinta lánveitingu til Hallvarðs Einvarðssonar úr sérstökum sjóði sem fjármálaráðherra hafði yfir að ráða á árunum 1984 til 1985 m.a. hver fjárhæð lánsins var, greiðslukjör, hvort Hallvarður hafi fengið hærra lán en venja var um þá sem fengu lánveitingar úr einkasjóði fjármálaráðherra, með hvaða hætti sótt var um lán þessi til fjármálaráðherra og hvort þakkarbréf Hallvarðs Einvarðssonar hafi borist ráðherra að fenginni lánveitingu og sé svo hvers efnis það sé.“

Lögmaðurinn lagði og fram ljósrit af bréfi sínu til fjármálaráðherra, dagsettu 13. apríl sl., þar sem hann óskar eftir upplýsingum um lánveitingar til Hallvarðs Einvarðssonar fyrir milligöngu fjármálaráðherra á árinu 1984 eða 1985. Að lokum lagði hann fram ljósrit af svarbréfi fjármálaráðherra til hans, dagsettu 14. apríl sl. en þar segir m.a.:

„Til svars erindi yðar skal vakin athygli á, að lánastofnanir birta almennt ekki nöfn einstaklinga, sem tekið hafa lán hjá viðkomandi stofnun. Eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja gildir sú regla alfarið að lífeyrissjóðir birti ekki skrá yfir einstaklingslán, hvorki í ársreikningum sínum né annars staðar. Öll sömu sjónarmið og rök eiga við að þessu leyti um þá einstaklinga, sem tekið hafa lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins af svokölluðum ráðherrakvóta eins og um aðra lánþega sjóðsins. Með vísan til ofanrit-

aðs mun ráðuneytið ekki veita upplýsingar um það, hvaða einstaklingar hafa fengið lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.“

Í sama þinghaldi afhenti Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., skipaður verjandi Björgólfs Guðmundssonar, fram bréf til dómsins, þar sem þess er óskað að dómurinn afli upplýsinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins varðandi lántökur Hallvarðs Einvarðssonar hjá sjóðnum, en meðfylgjandi bréfinu voru ljósrit tveggja veðskuldabréfa, útgefinna af Hallvarði til fyrrgreinds lífeyrissjóðs, dagsett 28. desember 1984 og 11. febrúar 1985, hvort um sig að fjárhæð kr. 300.000,00. Í bréfinu er sagt, að Hallvarður hafi fengið umrædd lán úr lífeyrissjóðnum „fyrir tilstuðlan þáverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar, sem tengist svokölluðu Hafskipsmáli bæði sem fyrrverandi stjórnarformaður Hafskips hf. og fyrrverandi formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Það mun hafa tíðkast allengi, en nú aftekið, að fjármálaráðherra hafi veitt lán úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir eigin geðþótta.“ Þá leiðir lögmaðurinn getum að því að Hallvarður Einvarðsson hafi, að því er varðar annað skuldabréfið, notið betri kjara að því er varðar útreikning á lánsklaravísitölu og vaxtafótar en almennt hafi gerst á þessum tíma. Af því tilefni óskar lögmaðurinn að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins svari eftirfarandi spurningum:

„1. Sat Hallvarður Einvarðsson við annað og betra borð en aðrir lán-takar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á þessu tímabili, það er beggja vegna áramótanna 1984/1985 og ef svo er í hverju eru frávikin fólgin? (Lánsupphæð? Vaxtafótur? Grunntala lánsklaravísitölu? Lánstími?).

2. Hallvarður á samkvæmt bréfinu frá 28. desember að hafa greitt 2 afborganir og vexti af því, þ.e. 28.12. 1985 og 28.12. 1986. Spurningin er hvort hann hafi aðeins verið látinn greiða 2% í vexti bæði skiptin.“

Verjendur hinna tveggja ákærðu, Páls Braga Kristjánssonar og Helga Magnússonar, Jónas A. Aðalsteinsson hrl. og Ólafur Garðarsson hrl., hafa tekið undir framanritaðar kröfur og beiðnir verjenda ákærðu Björgólfs Guðmundssonar og Ragnars Kjartanssonar.

Af hálfu ákæruvaldsins, en sækjendur málsins eru Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari og Jónatan Sveinsson hrl., hefur kröfum Jóns Magnússonar hdl. alfarið verið mótmælt, þar sem hvorki séu efnis- eða lagarök til þeirra yfirheyrslna eða gagnaöflunar sem þar er farið fram á. Að því er ríkissaksóknara varðar er vísað til 92. gr. laga nr. 74, 1974 og að því er varðar skýrslutöku af öðrum er vísað til 132. gr. sömu laga. Málalítilbúnaður verjandans um skýrslutöku á þessu stigi málsins séu til þess eins fallnar að torvelda framgang málsins og þykir ástæða til þess af ákæruvaldsins hálfu að vekja athygli dómsins á 88. gr. laga nr. 74/1974.

Varðandi bréf Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl. mótmæla sækjendur því að umræddra upplýsinga verði aflað af þeim ástæðum að þær geti ekki

skipt máli við úrlausn þess álítaefnis hvort ríkissaksóknari hafi verið van-
hæfur til að gefa út ákæruskjal í málinu á hendur 4 tilteknum mönnum.

Eðlilegt þykir að taka umræddar kröfur til úrskurðar áður en frávisunar-
kröfur verjenda ákærðu verða úrskurðaðar. Einnig þykir rétt að taka
afstöðu til krafna Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl. og Jóns Magnússon-
ar hdl. í einum úrskurði, enda lúta þær að hluta að sömu atriðum.

Telja verður að það samrýmist ekki lögum um meðferð opinberra mála
að ríkissaksóknari komi fyrir dóm sem vitni í máli sem hann höfðar, þótt
til álíta kynni að koma að krefja megi hann upplýsinga um tengsl hans
við mál eða aðila. Hér við bætist að í kröfugerð Jóns Magnússonar hdl.
er ekki tilgreint hvaða spurningar óskast lagðar fyrir Hallvarð Einvarðsson
og sama er að segja um kröfu hans um að Albert Guðmundsson alþingis-
maður verði kallaður fyrir dóm. Skv. framansögðu þykja því ekki efni til
að verða við kröfum hans um að framangreindir tveir menn verði kvaddir
til að gefa vitnaskýrslu fyrir dóminum.

Að öðru leyti eru hér til úrskurðar kröfur lögmannanna tveggja sem lúta
að því að dómurinn hlutist til um öflun gagna varðandi persónulegar lán-
tökur Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara hjá Lífeyrissjóði starfs-
manna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, en á þeim tíma gegndi
hann starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Upplýst verður að telja að
lántökur þessar voru fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi
fjármálaráðherra og stjórnarformanns Hafskips á árunum 1979-1983, en
einnig hefur komið fram að lánveitingar með þessum hætti úr umræddum
lífeyrissjóði höfðu tíðkast lengi í mismunandi miklum mæli.

Af þeim gögnum, sem liggja fyrir í málinu, er ljóst, að umræddar lán-
tökur áttu sér stað áður en mál þetta kom til sögunnar. Bú Hafskips hf.
var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn
6. desember 1985 og mál þetta barst ríkissaksóknara með skýrslu skipta-
réttarins, dagsettri 6. maí 1986, en hún var framsend rannsóknarlögreglu-
stjóra með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí 1986, þar sem Rannsókn-
arlögreglu ríkisins var falin rannsókn málsins. Verður því ekki séð að fyrr-
greind einkamálefni Hallvarðs Einvarðssonar hafi nein þau tengsl við mál
þetta, er réttlæti að dómurinn hlutist til um sérstaka athugun á þeim.

Með tilvísan til framanritaðs er öllum kröfum Guðmundar Ingva Sigurðs-
sonar hrl. og Jóns Magnússonar hdl., verjenda ákærðu Björgólfs
Guðmundssonar og Ragnars Kjartanssonar, hafnað.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Kröfu Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., verjenda ákærða Björg-
ólfs Guðmundssonar, um upplýsingaöflun hjá Lífeyrissjóði starfs-
manna ríkisins er hafnað.

Kröfu Jóns Magnússonar hdl., verjanda ákærða Ragnars Kjartanssonar, um að Hallvarður Einvarðsson og Albert Guðmundsson verði kallaðir fyrir dóm sem vitni er hafnað, svo og kröfu hans um að fjármálaráðherra verði gert að upplýsa um lántökur Hallvarðs Einvarðssonar fyrir milligöngu fjármálaráðherra.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 162/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Axel Kristjánssyni

Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni

Lárusi Jónssyni

Ólafi Helgasyni

Ármanni Jakobssyni

Bjarna Guðbjörnssyni og

Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar

Kærumál. Vanhæfni ríkissaksóknara. Ákæru vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðiljar hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er þeir lýstu fyrir sakadómara 18. f.m. Kærugögn bárust Hæstarétti 19. og 20. f.m. Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málinu vísað frá sakadómi.

Af hálfu ákærvalds er því lýst yfir, með vísan til 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974, að kæra úrskurðarins sé samþykkt, en krafist staðfestingar hans.